



**Heimsókn til Þingvalla og  
487.fundur Þingvallanefndar  
Föstudagur 2.júlí 2021 kl 11:00**

Mættir: : Ari Trausti Guðmundsson,, Líneik Anna Sævarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson og Páll Magnússon. Vilhjálmur Árnason, Karl Gauti Hjaltason og Hanna Katrín Friðriksson boðar forföll. Einnig sátu fundinn Þjóðgarðsvörður Einar Á. E Sæmundsen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð þessa.

Dagskrá:

1. Sumarbústaðarmál

Forkaupsréttur og framsal lóðaleiguréttinda að Efristíg 10.

Þingvallanefnd hafnar forkaupsrétti á Efristíg 10 og heimilar framsal lóðaleiguréttinda.

Forkaupsréttur og framsal lóðaleiguréttinda að Neðristíg 8.

Þingvallanefnd hafnar forkaupsrétti á Neðristíg 8 og heimilar framsal lóðaleiguréttinda.

Önnur mál.

Almenn umræða um störf og verkefni Þingvallanefndar á starfstíma nefndarinnar. Rætt um málefni sem eru brýn fyrir næstu Þingvallanefnd að huga að. Lögð verði áhersla á fornleifarannsóknir í þinghelgi, nýtt deiliskipulag og frekari stefnumótun, svo sem varðandi stækkun þjóðgarðsins, bætt aðgengi á austursvæðinu og þolmörk þjóðgarðsins.

Þingvallanefnd áréttar að tengsl Þingvallabjóðgarðs við Alþingi haldist.

12:30 fundi slitið